

TVÆR ÆÐAR Í NAFLASTRENG

ICD-10 greining: Q27.0

Meðfædd vöntun eða vanvöxtur naflastrengsslagæðar

Alla jafna eru þrjár æðar í naflastreng, þ.e. tvær slagæðar og ein bláæð. Fjöldi æða í naflastreng er sérstaklega metinn í 20 vikna ómun og í stöku tilfellum sjást einungis tvær æðar í naflastrengnum. Þessi tilvik eru mjög sjaldgæf.

Ef einungis tvær æðar sjást í naflastreng er leitað eftir ákveðnum frávikum, t.d. hjartagöllum. Í langflestum tilfellum finnast engin önnur frávik og er mæðravernd þá áfram í heilsugæslu.

Rannsóknir hafa sýnt aðeins auknar líkur á vaxtarskerðingu (x2) og því er fylgst með vexti fósturs og legvatnsmagni með ómun reglulega frá 28 vikna meðgöngu. Sjá fróðleiksmola um vaxtarskerðingu.

Almennt er ekki þörf á auknu eftirliti með barninu í fæðingu ef eingöngu er um að ræða 2 æðar í naflastreng án fylgikvilla.

Ekkert sérstakt eftirlit þarf með nýbura eftir fæðingu eða síðar í uppvextinum.